

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, 120. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið en þar eru lagðar til tvær efnislegar breytingar á núgildandi lögum. Annars vegar er lagt til að stytta tíma sem gefinn er frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir þar til viðkomandi leyfisveitandi skal óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Hins vegar er lagt til að frjáls félagasamtök geti óskað eftir slíkri endurskoðun.

Varðandi fyrra atriðið þá telja samtökin að tímarammi sem nú er í lögnum sé raunhæfur. Undirbúningur stærri framkvæmda tekur langan tíma og má nefna að leyfisveitingar sem koma í kjölfar mats á umhverfisáhrifum geta verið tímafrekar. Margt getur komið upp í flóknum framkvæmdum og sumt ekki á valdi leyfishafa. Því er 10 ár ekki langur tími í þessu samhengi. Einnig er bent á að nokkur tími getur liðið frá því leyfi til framkvæmda er gefið út þar til framkvæmdir hefjast.

Varðandi síðara atriðið þá benda samtökin á að ákvæði Árórsarsamningsins voru innleidd í lög árið 2011, m.a. með breytingum á þeim lögum sem hér um ræðir. Aðkoma almennings að matsferlinu er tryggð m.a. í 10. gr. og 14. gr. laganna. Einnig eru ákvæði í lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem tryggja aðkomu frjálsra félagasamtaka. Samtökin telja að þessi ákvæði mæti kröfum um aðkomu félagasamtaka og almennings að ákvörðunum er varða umhverfismál.

Samtökin leggjast því gegn samþykkt frumvarpsins.



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins